

ekki verið stefnt fyrir yfirdóminn enda hefir hann eigi mætt eða látið mæta fyrir yfirdómi og sést ekki að hann hafi fráfallið stefnu í málinu. Með því að fyrirmælum í N. L. 1—2—3 sbr. tilskipun 15. ág. 1832, 18. gr. þannig eigi hefir verið fullnægt í málinu, ber að vísu því heild sinni frá yfirdómi. Málskostnaður virðist rétt af falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 19/1919:

Guðni Þorbergsson  
 gegn  
 Helga Jósefssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Guðni Þorbergsson, eigandi lóðarinnar nr. 82 við Hverfisgötu, gegn stefnda Helga Jósefssyni, eiganda lóðarinnar nr. 80 við sömu götu, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og gerði þar þær réttarkröfur, að stefndi yrði dæmdur til að rífa niður og flytja burtu skúr og grjótgirðingu, sem hann hefði reist ólöglega á lóð áfrýjanda og setja upp aftur girðingu um lóðina, sem stefndi hefði ólöglega rífið niður. Ennfremur krafðist hann skaðabóta að upphæð 200 kr. eða eftir mati dómarans eða óvilhallra manna og málskostnaðar eftir mati réttarins. Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum

1. ág. f. á., að málinu var ex officio vísað frá bæjarþinginu og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 31. mars þ. á. og krafist þess að bæjarþingsdómurinn verði úr gildi feldur og málinu heimvísað til dómsáleggninga að efni til og að honum verði dæmdur málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi. Stefndi krefst þess hins vegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Ágreiningurinn í máli þessu er um takmörk milli lóðanna nr. 82 og nr. 80 við Hverfisgötu, og er frávisun málsins frá bæjarþinginu byggð á því, að rétturinn sé ekki bær um að dæma um ágreining þennan, með því að lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, séu komin til framkvæmdar og beri því úrslit þessa máls undir merkjadóm þann, sem settur er í nefndum lögum.

Í yfirdómi hefir verið lagt fram vottorð frá borgarstjóra Reykjavíkur um það, að merkjadómur sá, sem gert er ráð fyrir í nefndum lögum, sé ekki enn skipaður »sökum þess að mælingu bæjarlandsins sé ólokið«. Verður að skilja vottorð þetta svo, að undirbúningi þeim, er bæjarstjórnin telur nauðsynlegan áður en lögin komi til framkvæmda, sé ekki lokið, enda sézt það af skjölum málsins, að mæling á lóðum þessum hefir ekki farið fram á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. laganna.

Þar sem nú svo verður að skilja 15. gr. nefndræ laga, að bæjarstjórnin geti ráðið því, hvenær lög þessi komi til framkvæmdar og þar sem ráða má af umgetnu vottorði borgarstjóra, að bæjarstjórnin hafi ekki enn gert ráðstafanir í því efni, verður ekki álitid að heimild hafi verið til þess að vísa málinu frá bæjarþinginu.

Við meðferð málsins í héraði er og það að athuga, að undirdómarinn hefir dæmt mál þetta, sem er eignarþrætumál, án þess að kveðja til meðdómsmenn, svo sem fyrir er mælt í N. L. 1—7—1.

Eftir kröfu áfrýjanda ber því að ómerkja hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm og vísa málinu heim aftur til löglegri meðferðar og dómsáleggingar að efni til.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera ómerkur og heimvísast málinu til löglegrar dómsáleggingar að efni til.

Stefndi, Helgi Jósefsson, greiði áfrýjanda, Guðna Þorbergssyni, 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbrtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.